

Pingeyjarsveit
Anna Bragadóttir
Kjarna
650 LAUGAR

Garðabær, 18. nóvember 2024
Málsnúmer: 202410-0021
LA

Efni: Niðurdælingaholur við Kröfluvirkjun. Breyting á deiliskipulagi.

Við er í tölvubréf frá Pingeyjarsveit, dags. 7. október 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um deiliskipulagsbreytinga vegna niðurdælingahola fyrir förgun þéttvatns frá Kröflustöð. Áætlað er að bora tvær, allt að 300 m djúpar, borholur við kæliturn Kröflustöðvar.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér deiliskipulagsbreytingar og gerir ekki athugasemdir við borstæði nýrra borhola sem verða staðsettar á áður röskuðu svæði. Stofnunin telur mikilvægt að vakta áhrif þéttvatns á grunnvatn, s.s. breytingar á efnasamsetningu og hitastigi, við full afköst niðurdælingar og þá sérstaklega með tillit til áhrifa á grunnvatn sem streymir út í Mývatn. Aðgerðaráætlun þarf að liggja fyrir um viðbrögð sýni vöktun neikvæð áhrif á grunnvatn.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Lovísa Ásbjörnsdóttir

Lovísa Ásbjörnsdóttir
jarðfræðingur